

LÖG**um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nýr töluliður, er verði 7. tölul. 29. gr., orðist svo:

29.7. Í þeim tilvikum, þar sem Hollustuvernd ríkisins fer með beint eftirlit samkvæmt lögnum, sbr. 2. tölul. 17. gr., eða samkvæmt ákvörðun ráðherra, sbr. 4. tölul. 13. gr., getur stofnunin beitt sama valdi og sömu þvingunarúrræðum og heilbrigðisnefndir skv. 27. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. apríl 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

11. apríl 1990

Nr. 29

LÖG**um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður síðustu málsgreinar 36. gr. laganna, sbr. lög nr. 22/1989, orðist svo: Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og læknastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu ráðuneytisins í samræmi við 26. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. apríl 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.